

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík


Reykjavík 31. maí 2019
UST201904-015/B.S.
10.04.03


Efni: Breytingar á deiliskipulagi – Skálafell. Umsögn

Vísað er til bréfs Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 26 mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar breytingar á deiliskipulagi. Hér er ýmist verið að fella burt byggingareiti fyrir aflagðar skíðalyftur auk þess sem gerð er grein fyrir nýjum lyftum og endurbótum á eldri lyftum. Einnig er nú gerð grein fyrir tveimur valkostum varðandi staðsetningu vatnslóna til snjóframleiðslu, en aðeins annar kosturinn verður fyrir valinu.

Umhverfisstofnun telur greinargerðina ítarlega. Stofnunin tekur ekki afstöðu til valkosta varðandi lón. Umhverfisstofnun telur jákvætt að fjarlægja aflagða vegi og mannvirki. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umræddar breytingar. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur